

Mig langar að fá að koma á fund atvinnuveganefndar og segja frá upplifun minni sem sjónarvottur að því hvernig sjókvíeldisfyrirtæki standa að verki í fjörðum landsins. Ég hef farið um firðina fyrir vestan Patreksfjörð, Arnarfjörð, Dýrafjörð og Djúpið, og fyrir austan, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörði og Berufjörð. Ég er búin að kíkja á alla þessa staði og þar er sama sagan. Maður sér alltaf helling af dauðum fiski fljótandi, illa útleikna fiska, og dauða fugla í kringum þetta.

Síðastliðið haust flaug ég drónanum mínum yfir sjókvíar Arnarlax og Arctic Fish og varð vitni að ólýsanlegri þjáningu mörg hundruð þúsund eldislaxa vegna lúsasára og bakteríusmits. Ég sá ekki einn heilbrigðan fisk. Ég hef aldrei séð annað eins. Þarna voru fiskar að synda hver á annan, fiskar að synda utan í netin í kvíunum og svo voru dauðir fiskar innan um þá sem varla voru á lífi.

Ári 2022 fór ég með neðansjávardróna undir sjókvíar í Dýrafirði og skoðaði ástandið á sjávarbotninum. Þar var hvítt lag yfir botninum undir kvíunum á um þrjátíu metra dýpi. Sérfræðingar greindu þetta sem svokallaða bakteríumottu sem gæti myndast þar sem hafstraumar eru veikir samhliða því sem mikið er um lífrænan úrgang og að þetta ástandi væri vísbending um að of mikið sjókvíaeldi væri stundað á svæðinu. Að útskipting sjávar væri ekki nægileg til að hreinsa fjörðinn.

Og ég tala nú ekki um alla plastmengunina.

Ég tel mikilvægt að nefndarfolk atvinnuveganefndar fái að heyra um mína sýn sem hef séð með eigin augum um áhrif þessa iðnaðar á náttúru Íslands og við hvaða aðstæður eldislaxarnir búa.